

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Birtingaholt 1B, land L176025, Birtingaholt 1D.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Birtingaholt 1B, land L176025 og 1D. Áformað er að skipta út nýrri lóð úr upprunalandi Birtingaholts 1B sem fær staðfangið Birtingaholt 1D. Birtingaholt 1B verður eftir breytingu 11.853 m² að stærð og ný lóð 1D verður 5.397 m² að stærð. Á hvorri lóð fyrir sig er heimild fyrir íbúðarhúsi auk bílskúrs allt að 250 m² og aukahús allt að 100 m².

Samþykkt í sveitarstjórn þann 4. júní 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. júní 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2020